

Fundargerð

Verknr. 1156

5. fundur svæðisskipulagsnefndar, haldinn í Tjarnarlundi í Dalabyggð

Miðvikudaginn 11. janúar 2017, kl. 13:00-17:00

Sent til svæðisskipulagsnefndar 16.1.2017

Fundarefni: Drög að greiningarskýrslu, þ.m.t. matslýsingu.

Fundarmenn: Ingibjörg Emilsdóttir og Haraldur V.A. Jónsson frá Strandabyggð, Karl Kristjánsson og Áslaug Berta Guttormsdóttir frá Reykhólahreppi, Ingveldur Guðmundsdóttir og Jóhannes Haukur Hauksson frá Dalabyggð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps og Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar.

Ráðgjafar Alta: Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Björg Ágústsdóttir

Fundarstjóri: Matthildur Kr. Elmarsdóttir

Fundarritari: Björg Ágústsdóttir

Framlögð gögn:

- Greiningarskýrsla (1.-9. kafli) send til fundarmanna 22.12.2016.
- 12. kafli (matslýsing) sendur til fundarmanna 5.1.2017.
- Uppfærð útgáfa af greiningarskýrslu sem inniheldur alla kafla (1.-12. kafla), send með fundarboði. Þetta skjal er fylgiskjal með þessari fundargerð, ásamt glærum sem voru til kynningar á fundinum.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir stöðu verkefnis
2. Yfirlit yfir greiningarskýrslu
3. Kynning og umræður um 6. kafla (auðlindir) og 7. kafla (samfélag) greiningarskýrslu
4. Kynning og umræður um 8. kafla (framτίðarsýn) og 9. kafla (svæðismark)
5. Kynning á 12. kafla (matslýsing)
6. Afgreiðsla á greiningarskýrslu, þ.m.t. matslýsingu

1. Yfirlit yfir stöðu verkefnis

Matthildur fór yfir vinnu sl. mánaða og málsmeðferð og tímaáætlun næstu mánaða, sbr. hjálagða glærukynningu. Rætt var um fyrirhugaðan fund með nefndum og sveitarstjórnnum sveitarfélaganna í febrúar/mars. Einnig hvort til hans eða annars fundar yrði boðið lykilsamstarfsaðilum í stjórnarsýslu. Ráðgjafar munu stinga upp á dagsetningum og fyrirkomulagi fljótlega.

2. Yfirlit yfir greiningarskýrslu

Matthildur kynnti uppbyggingu og meginefni greiningarskýrslunnar, en hún er sett þannig upp að hún nýtist bæði sem forsendugrunnur fyrir skipulagsgerðina og umhverfismatið. Skýrslan sýnir jafnframt hvernig skipulagstillagan sjálf verður uppbyggð.

3. Tillaga að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags (6. og 7. kafli greiningarskýrslu)

Farið var yfir hverja auðlind (hvern umhverfisþátt) sem er til umfjöllunar í 6. kafla og samfélagsþætti í 8. kafla, en þeir eru: Berggrunnur, jarðvegur, yfirborðsvatn, grunnvatn, jarðhiti, sjór, gróður, lífríki, landslag, minjar, sögur og sagnir, íbúðarbyggð, frístundabyggð, samfélagsþjónusta, atvinnulíf og stofnkerfi. Dregnar voru fram tillögur um viðfangsefni og áherslur svæðisskipulags út frá greiningu á þessum þáttum. Fundarmenn lýstu sjónarmiðum um viðfangsefnin og bentu á atriði sem þarf að lagfæra eða sem betur mega fara í köflunum. Fundarritari tók niður ábendingar og verður unnið úr þeim áður en greiningarskýrslan verður kynnt.

4. Tillaga að framtíðarsýn, leiðarljósum og svæðismarki (8. kafli og 9. kafli greiningarskýrslu)

Matthildur fór yfir tillögu að framtíðarsýn og leiðarljósum. Lagt var til að tilgreina áherslusviðin þrjú, landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu, í framtíðarsýninni. Einnig að skoðað yrði hvort „öryggi“ ætti heima þar. Þá útskýrði Matthildur tillögu að svæðismarki út frá hugmynd um „Vesturáttuna“, ferðaleið sem liggur um svæðið í tveimur hringjum. Vesturáttan gæti verði eins konar sögusvið til að koma til skila söguþráðum svæðisins sem snúa t.d. að hlunnindanýtingu, Íslendingasögum, þjóðsögum og landslagi. Fundarfólk var jákvætt fyrir hugmyndinni en bent var á að athuga þyrfti betur framsetningu m.t.t. til svæða sem liggja utan áttunnar eins og hún var framsett.

5. Matslýsing (12. kafli greiningarskýrslu)

Matthildur kynnti tilgang umhverfismats svæðisskipulagstillögunnar og hvernig staðið verður að því, sbr. 12. kafla greiningarskýrslu.

6. Afgreiðsla greiningarskýrslu, þ.m.t. matslýsingar

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti að kynna greiningarskýrslu ásamt matslýsingu og senda til umsagnar skv. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, að gerðum þeim lagfæringum sem ræddar voru á fundinum. Listi yfir umsagnaraðila er aftast í skýrslunni.

Fundi slitið kl. 17.00.

Fylgiskjöl með fundargerð:

- Greiningarskýrsla dags. 11.1.2017
- Kynningarglærur af fundi 11.1.2017